


✉ Re: Beiðni um umsögn vegna skipulagsáforma

Búið til	14.1.2022 15:07:51
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.1.2022 15:07:50
Tilheyrir	 202112-0002 - Breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og tillögu að deiliskipulagi Skjólbrekku við Skútustaði

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna skipulagsáforma

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	14.1.2022 15:07:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	atli@skutustadahreppur.is

Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202112-0002 (BK).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skútustaðahreppi, dags. 1. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og tillögu að deiliskipulagi Skjólbrekku við Skútustaði.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir á fyrri stigum málsins, síðast þann 13. október 2021 (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/drog_ad_tillögu_deiliskipulags_og_breytingu_a_adalskipulagi_vegna_skjolbrekku.pdf) við drög að tillögu deiliskipulags og breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 vegna Skjólbrekku við Skútustaði.

Var það niðurstaða Náttúrufræðistofnunar að áform þau sem þar komu fram væru of stórfelld breyting á umhverfinu innan þessa einstaka náttúruverndarsvæðis og að í þeim fælist hætta á raski og ógnir fyrir viðkvæma náttúru svæðisins sem bæri að forðast.

Litlar breytingar hafa orðið á skipulaginu og fyrri niðurstaða Náttúrufræðistofnunar stendur óbreytt.

Í tillögum að deiliskipulagi eru áformin nú útfærð á nákvæmari hátt og staðsetning og umfang nýrra lóða og byggingarreita liggur fyrir. Þá eru ítarlegri lýsingar á byggingunum, s.s. tvö einbýlishús (að hámarkshæð 5 m) og svo verður leyfilegt að reisa allt að sjö smáhús á tveimur hæðum þar sem landhalli leyfir.

Náttúrufræðistofnun hefur áfram áhyggjur af því að þessi fyrirhugaða uppbygging feli í sér ógnir fyrir lífríki sem og aðrar náttúruminjar á svæðinu. Varðar það einkum eftirfarandi:

1. Fuglalíf og annað lífríki.

Í bakgarði Skútustaða sunnan við bæjarstaðin liggja Framengjar, mikilvægt og stórt varpland fugla, þ.m.t. andategunda sem ferðast á varptíma milli varplendna og Mývatns/Stakhólstjarnar. Í nýlegri skýrslu sem Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn vann um flugleiðir, er sýnt að fuglarnir nýta sér nokkrar flugleiðir milli Mývatns og varplendna sem liggja yfir Skútustaðatúnin og milli þeirra húsa sem þar eru. Fuglarnir fljúga nálægt jörðu og því ljóst að öll mannvirki eða ræktaður gróður sem rísa á svæðinu eru líklegar fyrirstöður fyrir flugleiðirnar og eru þær allnokkrar fyrir.

Í deiliskipulagi er núna búið að skilgreina tvær flugbrautir fugla þar sem ekki verða reist mannvirki né gróðursett tré. Búið er að breikka austari flugbrautina og auk þess að bæta við annarri, mjórri flugbraut við kirkjugarðinn. Staðsetning fyrirhugaðra nýbygginga er þó óbreytt og er það enn álit Náttúrufræðistofnunar að um of sé þrengt að flugleiðum fugla á milli Mývatns og Framengja. Meðal þess sem kemur fram í skýrslu Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn er að fuglarnir forðast húsin á flugi sínu. Því er ekki líklegt að þeir nýti mjóar ræmur á milli húsa.

Miðað við fjölda og staðsetningu nýrra byggingarlóða telur Náttúrufræðistofnun mikla hættu á að þessar flugleiðir skerðist óásættanlega mikið sem gæti haft neikvæðar afleiðingar á varp fugla í Framengjum.

Tjarnirnar sem liggja milli Skútustaða og Framengja eru mikið notaðar af fuglum, einkum öndum en einnig fleiri tegundum. Þar er þéttleiki og tegundafjölbreytni mikil og óvísu hægt að sjá og fylgjast með eins miklum fjölbreytileika á litlu svæði. Andakollur með unga á leið sinni frá varpstöðvum á Framengjum yfir á Mývatn eða Stakhólstjörn koma þar við og þær eru einnig þéttsetnar af fuglum í biðilshegðun á vorin. Með því að þetta byggð í næsta nágrenni við þessar tjarnir er hættu á að álag muni aukast á fuglalífið, ekki einungis með því að þrengja að flugleiðum, heldur einnig með aukinni hættu á hávaða- og ljósmengun, truflun frá gæludýrum og umferð fólks og mengun frá fráveitu. Tjarnirnar eru þegar undir álagi vegna lífrænnar mengunar, sama á við um Stakhólstjörn hinum megin við þjóðveginn og fjölgun íbúa á svæðinu leiðir af sér meiri álag á rotþrær og aðra fráveitu sem eykur hættu á að mengun berist í viðkvæm ferskvatnsvistkerfi í næsta nágrenni. Í skipulaginu eru lóðamörk afar nálægt t.d. Skjólbrekku- og Dagmálatjörnum og einnig mjög stutt frá smærri tjörnunum þremur suður af Skútustöðum. Forðast ætti að skilgreina byggingareiti í svo mikilli nálægð við tjarnirnar og ekki nær en þau hús sem standa næst þeim í dag.

2. Jarðminjar og landslag

Innan deiluskipulagssvæðisins eru gervíggar sem falla undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og eru jafnframt fágætir á heimsvísu og með hátt alþjóðlegt verndargildi. Dagmálahóll er gervígur, sem er af gerð sem er fágæt í nágrenni Skútustaða, þ.e. með mjög lága gígbarma og eiginlega flatur að ofan. Dagmálahóll hefur lítilla verið raskað m.a. af vegagerð og við hann eru gömul fjárhús, en mögulegt væri að endurheimta hólinn með tíð og tíma. Í deiliskipulaginu er skilgreindur stór byggingarreitur sem myndi þýða varanlegt rask á gígunum.

Aukin uppbygging við Skjólbrekku og Skútustaði eins og hún er áformuð í tillögum að deiliskipulagi mun breyta ásýnd svæðisins mikið og í raun fela í sér grundvallarbreytingu á eðli búsetulandslagsins, færast úr ásýnd landbúnaðarsvæðis þar sem náttúrulegt umhverfi fær töluvert svigrúm yfir í ásýnd þéttbýlis.

Verndargildi svæðis

-

Náttúruverndarsvæðið Mývatn og Laxá er einstakt bæði á lands- og heimsvísu og nær yfir merkar náttúruminjar er varðar bæði lífríki og jarðminjar sem endurspeglar mikinn fjölbreytileika auk þess sem landslag er stór og mikilvægur þáttur svæðisins. Verndarsvæðið Mývatn og Laxá er eitt af fáum svæðum á landinu þar sem náðst hefur heildstæð vernd yfir náttúruvar og landslag sem hefur mjög mikið vísindagildi og hátt alþjóðlegt verndargildi. Alþjóðlegt mikilvægi svæðisins endurspeglast í því að þar gildir

alþjóðasambykkt um vernd fugla, svæðið er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (BirdLife International) og heyrir undir Ramsarsamninginn um vernd votlendis, samning um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamninginn um vernd villtra plantna og dýra ásamt lífsvæðum þeirra. Þá er náttúruverndarsvæðið Mývatn og Laxá á yfirlitsskrá UNESCO sem stjórnvöld hafa samþykkt sem mögulegar tilnefningar á heimsmínjaskrá (<https://whc.unesco.org/en/tentativelists/5586/>) (<https://whc.unesco.org/en/tentativelists/5586/>), <http://www.heimsmijnar.is/images/tentative/myvatn.pdf> (<http://www.heimsmijnar.is/images/tentative/myvatn.pdf>). Náttúrufræðistofnun tilnefndi svæðið á B-hluta framkvæmdaráætlunar náttúruminjaskrár árið 2018 vegna fugla (<https://www.ni.is/greinar/na-myvatn-laxa>) (<https://www.ni.is/greinar/na-myvatn-laxa>)).

Athugasemdir við mat á vægi umhverfisáhrifa vegna skipulagsgerðar við Skjólbrekku

Landslag og sjónræn áhrif – Náttúrufræðistofnun er ósammála því að deiliskipulagið muni koma til með að hafa óveruleg/óljós áhrif á þætti undir þessum lið. Aukin uppbygging við Skjólbrekku og Skútustaði eins og hún er áformuð í tillögum að deiliskipulagi mun breyta ásýnd svæðisins mikið og í raun fela í sér grundvallarbreytingu á eðli búsetulandslagsins, færast úr ásýnd landbúnaðarsvæðis þar sem náttúrulegt umhverfi fær töluvert svigrúm yfir í ásýnd þéttbýlis.

Verndarsvæði – Náttúrufræðistofnun er ósammála því að deiliskipulagið muni koma til með að hafa óveruleg/óljós áhrif á þætti undir þessum lið þegar litið er til neikvæðra áhrifa á fuglalíf vegna skerðinga flugleiða á milli Framengja og Mývatns.

Vistkerfi - Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að stefnt sé að endurnýjun gamalla fráveitukerfa samhliða uppbyggingu en þrátt fyrir það geta fyrirhuguð áform í deiliskipulagi haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins þegar litið er til áhrifa á fuglalíf.

Náttúruverndarsvæðið Mývatn og Laxá er mjög viðkvæmt fyrir hverskonar raski og framkvæmdum. Núverandi byggð við Mývatn er í dag að mestu í sátt við umhverfið en lítið þarf til að út af beri og er svæðið í heild nálægt þolmörkum. Að mati Náttúrufræðistofnunar ber að forðast framkvæmdir og landnotkun sem felur í sér mögulega ógn fyrir viðkvæmt og sérstakt lífríki, jarðminjar og landslag sem einkennir svæðið og þarf samvist manns og náttúru að taka sérstaklega mikið tillit til sérstöðu svæðisins og verndargildis. Að öðrum kosti er hætta á að hnignun geti átt sér stað hjá þeim tegundum lífvera sem verða fyrir auknu álagi vegna aukinna umsvifa af mannavöldum og að mikilvægum jarðminjum og landslagsheildum verði raskað á óafturkræfan hátt. Svæðið við Skútustaði er lítið og viðkvæmt fyrir aukningu á álagi. Svæðið er vinsælt ferðamannasvæði og ýmsar áskoranir hafa þegar litið dagsins ljós er varða samspil umsvifa af mannavöldum og þolmarka viðkvæmrar náttúru.

Náttúrufræðistofnun telur að forðast ætti fyrirhuguð áform í tillögum að deiliskipulagi Skjólbrekku þar sem í þeim felst hætta á raski og ógnir fyrir viðkvæma náttúru svæðis sem hefur mjög hátt alþjóðlegt náttúruverndargildi og mikilvægi.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNY%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@skutustadahreppur.is>

To:

CC:

Subject: Beiðni um umsögn vegna skipulagsáforma

Date: 1.12.2021 10:55:39

Góðan dag,

Óskað er eftir umsögn við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og tillögu að deiliskipulagi Skjólbrekku við Skútustaði.

Fyrirhuguð skipulagsáform gera ráð fyrir íbúðaruppbyggingu innan þéttbýlissvæðis skv. gildandi aðalskipulagi.

Gögnin má nálgast á WeTransfer hlekk hér: <https://we.tl/t-CPNnwS6kMt> (<https://we.tl/t-CPNnwS6kMt>)
Tillögurnar verða einnig aðgengilegar á vef sveitarfélagsins (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19557>).

Umsögnum skal skila á netfangið atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>)

Umsagnarfrestur er til og með föstudagsins 14. janúar 2022.

Bestu kveðjur



Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)



GILDIN
OKKAR



JAFNÆÐI



JAKVÆÐNI



VIRÐING



TRAUST

Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image008.jpg (1 KB)

image001.png (11 KB)

image003.png (3 KB)

image007.jpg (1 KB)

image006.png (7 KB)

image001.png (18 KB)

image004.png (9 KB)

image005.jpg (26 KB)